

Nd.

167. Frumvarp til laga

[117. mál]

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956 eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í heimspekideild.

2. gr.

Lög þessi koma til framkvæmdar 1. janúar 1969.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar starf æviskrárritara varð laust á s. l. vetri, fóru fram viðræður milli menntamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands um möguleika á að tengja þá starfsemi, sem æviskrárritara er ætlað að hafa með höndum, rannsóknum í mannfræði og ættfræði við Háskóla Íslands. Í framhaldi af þessum viðræðum var ákveðið að flytja frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í ættfræði við Háskóla Íslands, og skyldi prófessorinn jafnframt taka við störfum æviskrárritara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að hið nýja prófessorsembætti verði tengt við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda, en hann er afkastamikill fræðimaður á sviði íslenzkrar ættfræði.

Kostnaðarauki af stofnun prófessorsembættis þess, sem hér um ræðir, ætti ekki að verða annar en mismunur á launum æviskrárritara eftir fyrri skipan og prófessors, þ. e. milli 20. og 26. launaflokks starfsmanna ríkisins.